

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 20. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð við eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholti þann 28. ágúst 2025. Þann 3. mars sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

Frávik frá	Lýsing á frávikum
gr. 5.2	<p>Í mælingu ársins 2023, mældust gildi á ammóníum yfir viðmiðunarmörkum (mælt = 5,75 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) og nitrít (mælt = 2,53 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) í grunnvatnsbrunni neðan urðunarstaðar (sjá umfjöllun í meginmáli skýrslunnar).</p> <p><i>Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila liggur fyrir tímasett áætlun um yfirferð og hreinsun þeirra grunnvatnsbrunna sem frávik varðar, auk endurtekningar (2x) á sýnatökum. Í áætluninni eru jafnframt tilgreindar líklegar orsakir sem kunna að hafa haft áhrif á niðurstöður fyrri sýnatöku. Að framkvæmd lokinni verða tekin ný sýni úr viðkomandi brunnum og niðurstöður sendar til Umhverfis- og orkustofnunar þegar þær liggja fyrir. Að því loknu verður sýnataka framkvæmd skv. áætlun í samræmi við ákvæði gr. 5.2 í starfsleyfi.</i></p> <p>Eftirlitsaðili gerir ekki athugasemdir við framlagða áætlun. Frávikinu telst lokið þegar niðurstöður liggja fyrir og eru innan viðmiðunarmarka.</p> <p>Staða fráviks: opið.</p>

Umhverfis og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

María Svavarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits